

**Vegna:** Máls nr. 0676/2023, Deiliskipulag suðurbæjar Siglufjarðar (Kynning tillögu)

**Athugasemd:** Í deiliskipulaginu er gengið of langt í þéttingu byggðar, gengið er of nærri þeim fáu grænu/ opnu svæðum sem eru í hverfinu. Sérstaklega miður er að sjá hversu mikið hefur verið þrengt að leikvöllum við Laugarveg. Þetta er leikvöllur sem mikið er notaður bæði af börnum og foreldrum og ætti að tryggja stækkun hans eða nýta svæðið sunnan við hann til sem grænt svæði með bekkjum og borðum fyrir börn og foreldra til að setjast niður með nesti og kaffi, eins og foreldrar og börn gera í dag. Tvö græn svæði eru í dag við Norðurtún, þ.e. á annað á horninu við Suðurgötu og hitt við hornið á Laugarvegi. Í drögunum er gert ráð fyrir lóðum á báðum svæðunum. Þetta eru einu grænu svæðin í hverfinu sem mikið eru notuð af börnum bæði sumar og vetur. Ekki er hægt að tala um Skólagarða sem svæði sem notað er til útivistar þar sem það er of dimmt og óaðgengilegt vegna trjáa. Hvað hin tvö svæðin varðar þá eru þau mikið notuð. Á sumrin dvelja börn í grasinu við Suðurgötu en þar er trjágróður og fara í leiki og lautartúra. Fullorðnir hafa farið á túnið í gönguferðum og teygt úr sér. Þarna væri frekar nær að halda í græna svæðið og styrkja það með bekkjum og borðum. Græna svæðið við Laugarveg er eina sleðabrekkusvæðið í hverfinu. Þarna hefur snjó verið safnað saman og krakkar notað snjóin til að gera snjóhús og leika sér í snjónum. Einnig myndast þarna flottar brekkur til að renna sér á sleða og læra fyrstu skrefin á skíðum. Það er von mín að tekið verði tillit til þessara breytinga, þ.e. að stækka svæðið við leikvöllinn og halda í þessi tvö grænu svæði í hverfinu. Nægt byggingarsvæði verður fyrir hendi þrátt fyrir að þessar lóðir fái að halda sér í núverandi horfi.

**Höfundur:** Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir/brynjah66@gmail.com

**Sent inn þann:** 24.10.2023